

Fréttir af markaði

Samtals námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs tæplega 5,0 milljörðum króna í júní, en þar af voru rúmlega 4,1 milljarður vegna almennra útlána og tæplega 0,9 milljarðar vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins jukust því um tæp 4% frá fyrra mánuði. Alls lánaði Íbúðalánasjóður um 14,0 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi og um 25,0 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins 2008.


Íbúðalánasjóður endurnýjaði í júní samninga við sex fjármálastofnanir sem aðalmiðlara með íbúðabréf og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Samið var við Glitni banka, Kaupþing banka, Landsbanka Íslands, MP Fjárfestingarbanka, Saga Capital Fjárfestingarbanka og Straum-Burðarás Fjárfestingabanka. Samningar voru undirritaðir 18. júní og gengu í gildi 1. júlí.

Þann 19. júní sendi ríkisstjórn Íslands frá sér yfirlýsingu vegna sérstakra aðgerða í húsnæðismálum. Aðgerðirnar fela m.a. í sér lánveitingar til banka, sparisjóða og annarra fjármálayrirtækja vegna íbúðalána, hækkun hámarksláns Íbúðalánasjóðs, afnám viðmiðunar á lánun sjóðsins við brunabótamat og auknar heimildir vegna almennra leiguíbúðalána. Aðgerðirnar munu hafa áhrif til hækkunar á ætlaðri útgáfu íbúðabréfa og mun ný áætlun um útlán, útgáfu íbúðabréfa og greiðslur Íbúðalánasjóðs á árinu 2008 verða birt á OMX Nordic Exchange á Íslandi í júlí 2008.

Þann 20. júní hélt Íbúðalánasjóður annað útboð íbúðabréfa á árinu 2008. Alls bárust tilboð fyrir 20,8 milljarða að nafnvirði og ákveðið var að taka tilboðum að nafnvirði 3,6 milljarðar króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 4,8% án þóknunar, 3,7 milljarðar króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,44% án þóknunar og 700 milljónir króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,3% án þóknunar. Í kjölfar útboðsins voru útlánsvextir sjóðsins lækkaðir og eru nú 5,05% fyrir lán með uppgreiðsluákvæði og 5,55% fyrir lán án uppgreiðsluákvæðis.





Þann 27. júní sendi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá sér álitserð í tengslum við formlega rannsókn sem hófst í júní 2006 á því hvort fyrirkomulag Íbúðalánasjóðs væri í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Nánar má lesa um álitserðina á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu um 7,4 milljörðum króna í júní og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra.



Flokkur	Apr. 2008	Mai 2008	Jún. 2008	Meðal líftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	4,25%	5,32%	5,29%	3,0	60,1	41,6
HFF24	4,46%	4,86%	4,80%	6,9	138,5	118,3
HFF34	4,39%	4,34%	4,34%	10,7	136,1	125,4
HFF44	4,27%	4,23%	4,18%	13,9	216,2	206,1

*Avöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok júní '08.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Í milljörðum króna	Niðurstaða 2008		Áætlun 2008	Raun jan-jún 2008
	Áætlun Q2	Raun Q2		
Útgáfa íbúðabréfa	14-16	16,0	35-41	16,0
Samtals ný útlán ÍLS	13-15	14,0	49-55	25,0
Greiðslur ÍLS	11-13	12,6	44-52	25,1

Í milljörðum króna	Endurskoðuð áætlun 2008			
	1Q	2Q	3Q	4Q Alls 2008
Útgáfa íbúðabréfa	0	14-16	11-13	10-12 35-41
Ný útlán ÍLS	11	13-15	12-14	13-15 49-55
Greiðslur ÍLS	11-13	11-13	10-12	12-14 44-52

